

Lífeyrissjóður Rangæinga
Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2013 v. 2012

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Hella.
Fundartími : Þriðjudagur 15. maí 2013, kl. 20.00.

Þorgils Torfi Jónsson, stjórnarformaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Þorgils Torfi taki að sér fundarstjórn og að Snædís Ögn Flosadóttir riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Mætt: Óskar Pálsson, Már Guðnason, Hilmar Harðarson, Ármann Ægir Magnússon, Þorgils Torfi Jónsson, Ólafur Gylfason, Guðmundur Svavarsson, Heimir Hafsteinsson, Pétur Magnússon, Þröstur Sigurðsson, Marinó Örn Tryggvason og Snædís Ögn Flosadóttir.

Gengið til dagskrár. Torfi stýrði fundi

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Þorgils Torfi Jónsson flytur skýrslu stjórnar.

Iðgjaldtekjur á árinu 2012 námu 311,6 millj.kr. en voru 283,3 millj kr. árið 2011, sem er um 10% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur námu 167,6 millj.kr., sem er 11,2% aukning frá fyrra ári. Meðaltal fjölda lífeyrisþega á árinu 2012 var 500 en 465 árið 2011. Rekstrargjöld námu 15,1 millj.kr., sem er 4,8% af iðgjaldtekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,22%. Kostnaður við rekstur sjóðsins er nú svipaður á milli ára.

Af heildareign sjóðsins sem var í árslok 7.019,5 milljónir kr., eru skuldabréf, eignir í verðbréfasjóðum og hlutabréf 6.156,6 milljónir kr. eða 88%. Heildarráðstöfunarfé sjóðsins á árinu til kaupa á verðbréfum og til annarra fjárfestinga nam 2.357,3 milljónir kr. Heildarávöxtun sjóðsins á árinu 2012 var 10,1% en raunávöxtun var 5,3% samanborið við 3,2% raunávöxtun 2011.

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris var 7.018,5 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 779 milljónir kr. eða 12,5%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi var 9285 í árslok 2012. Meðaltal fjölda sjóðfélaga á árinu, þ.e. þeir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu var 879 en var 860 árið 2011.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 14 sinnum á starfsárinu. Árný Hrund Svavarsdóttir lét af störfum í stjórn sjóðsins í vetur af ófyrirséðum ástæðum. Henni eru færðar þakkir fyrir hennar störf fyrir sjóðinn.

Rekstur Lífeyrissjóðs Rangæinga hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu 2012. Kröfur til fjármála fyrirtækja og þá einnig lífeyrissjóða hafa aukist verulega hin síðari ár. Árið

2012 hefur verið ár nýrrar hugsunar og endurskipulagningar á starfsemi sjóðsins. Á haustdögum ákvað stjórn sjóðsins að semja við Arion banka hf. um eignastýringu og rekstur sjóðsins. Arion banki hf. tók yfir alla eignastýringu sjóðsins í nóvember mánuði 2012. Þar með er öll eignastýring sjóðsins á einum stað. Veruleg breyting frá því sem áður hefur verið. Með því telur stjórn að hægt sé að ná enn betri árangri en verið hefur hvað varðar ávöxtun eigna sjóðsins. Arion banki hf. hefur jafnframt tekið við rekstri sjóðsins frá og með 1. janúar 2013.

Fjárfestingarkostir eru enn vandfundnir. Gjaldeyrishöft enn við lýði og því miður virðist enn töluvert í land að mál þróist með betri og skýrari hætti.

Helstu fjárfestingar sjóðsins á árinu hafa verið í ríkisskuldabréfum og einstaka hlutabréfum og verðbréfasjóðum.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2012 liggur fyrir. Niðurstaðan er sú að áunnar skuldbindingar eru umfram áunnar eignir sem nemur 4,4% og heildarskuldbindingar eru umfram heildareignir sem nemur 6,2%.

Staða sjóðsins hefur aðeins versnað á milli ára. Skýrist það af breyttum reikniforsendum hvað varðar lífslíkur landsmanna. Auknar ævilíkur hefur í för með sér auknar skuldbindingar sjóðanna. Breyting á forsendum um lífslíkur veldur um einu prósentustigi af verri stöðu sjóðsins nú milli ára. Staða sjóðsins er þó innan þeirra marka sem eru áskilin samkvæmt lögum um lífeyrissjóði.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings 2012

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti reikninginn. Helstu niðurstöður eru :

Iðgjöld	311,6 mkr.
Lífeyrir	167,6 mkr.
Fjárfestingartekjur	676,8 mkr.
Fjárfestingargjöld	26,8 mkr.
Rekstrarkostnaður	15,1 mkr.
Hækkun á hreinni eign	779,0 mkr.
Hrein eign í árslok 2011	7.018,5 mkr.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir helstu breytingar á hreinni eign á árinu 2012 svo sem útgreiðslur, innborguð iðgjöld og jöfnunargreiðslur frá ríkinu.

Þá benti framkvæmdastjóri á viðbótarniðurfærslu um 0,5% á öðrum fjárfestingum og kröfum vegna tapsáhættu.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir sjóðsstreymi, kaup á verðbréfum og aðrar fjárfestingar.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir helstu skýringar í ársreikningi en í máli hans kom fram að 1% hækkun er á örorku milli ára en aðrar lífeyrsgreiðslur lítið breyttar. Þá er búið að ganga frá gjaldmiðlasamingi við Kaupþing, þar kom til greiðsla að upphæð 7 milljónum króna sem skuldajöfnuð var á móti annari kröfu sem sjóðurinn átti.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Már Guðnason bar upp spurningu. Á blaðsíðu 4 í ársreikningi er horft á réttindaflutning og endurgreiðslur og þar er mikill munur milli ára, í hverju felst þessi breyting? Þröstur svaraði því til að þetta væri mjög breytilegt milli ára. Árið 2012 var lítið um endurgreiðslur til útlendinga en meira var um það 2011. Opnað var á flutning á örorkustubbum á árinu 2011. Þá spurði Már út í skýringu 24, ekki nema 8 milljónir 2012 en voru mun hærrí 2011. Þröstur svaraði því til að þarna væri árangurstengingin að tikka inn fyrir árið 2010 en hún kemur inn á árið 2011 þar sem árangurstengingin er greidd eftir á en ávöxtun á árinu 2010 var einmitt mjög góð.

Már Guðnason bar upp spurningu bankainnistæður uppá 812 milljónir og á hvaða vöxtum sú upphæð væri? Þröstur svaraði því til að þetta væru verðtryggðir reikningar á 2-3% vöxtum. Þröstur minntist þá á það að verið er að skoða breytingar á þessu þar sem kjörin á reikningum almennt eru ekkert gríðarlega góð. Marínó bætti því við að þessir reikningar væru ekki að ná 3,5% ávöxtun sem er það sem tryggingafræðilegt mat byggir á, en á móti kæmi að fjárfestingakostir væru ekki margir og fjármunir væru ekki bundnir á þessum reikningum.

Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir og kynnti niðurstöður úttektar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Niðurstaða athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2012 er að það vantar kr. 309,5 milljónir til að sjóðurinn eigi fyrir áföllnum skuldbindingum eða 4,4% og kr. 725,5 milljónir vantar til að sjóðurinn eigi fyrir heildarskuldbindingum eða 6,2%. Samanber skýringu 16 í ársreikningi. Samanburður milli ára leiðir í ljós að staða sjóðsins versnar lítillega. Skýrist það af því að lífaldur fer hækkandi.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt, engar spurningar bárust.

4. Fjárfestingarstefna 2012

Marínó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka gerðir grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins.

Marínó hóf mál sitt á því að fara yfir hvað fælist í fjárfestingastefnu lífeyrissjóðs. En fjárfestingastefna skilgreinir heimildir sjóðsins varðandi það hvernig hann ávaxtar fjármuni sína. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingastefnuna samkvæmt lögum. Marínó fór þá yfir stefnuna eins og hún lýtur út fyrir árið 2013 en breytingar eru litlar efnislega. Breytingarnar fela í sér lækkun á skuldabréfafloknum og hækkun á móti í verðbréfum um þrjú prósentustig, innlánnum um eitt prósentustig og þriggja prósentustiga hækkun á skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Samanborið við meðalsjóð á landinu er Lífeyrissjóður Rangæinga vel yfir í stefnu um skuldabréf.

Þá var fjárfestingu í íbúðarhúsnæði uppá eitt prósentustig bætt inn sem heimild en ekki sem markmiði.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingastefnu sjóðsins árið 2013

Spurt var hvar Framtakssjóðurinn væri flokkaður. Marínó svaraði því til að hann væri flokkaður sem hlutir eða hlutdeildarskírteini um sameiginlega fjárfestingu. En menn eru ekki á einu máli um það hvar sé best að flokka hina ýmsu framtakssjóði.

5. Stjórnarkjör

Af hálfu Samtaka atvinnulífsins liggur fyrir tilnefning um Óskar Pálsson sem aðalmanng og til vara Drífa Hjartardóttir. Skipunin er til eins árs eða til ársfundar sjóðsins 2014. Til tveggja ára eru tilnefnd aðalmaður Eydís Indriðadóttir og til vara Þorgils Torfi Jónsson.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands liggur fyrir tillaga um Mára Guðnason sem aðalmanng og Pétur Magnússon til vara. Af hálfu FIT liggur fyrir tillaga um Heimi Hafsteinsson sem aðalmanng og Ármann Ægi Magnússon til vara. Allir kjörnir til eins árs.

Með þessu næst ekki 40% hlutfall kvenna en í ljósi aðstæðna var ekki hægt að gera betur.

Aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til samþykktar eða synjunar.

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

Þorgils Torfi óskaði nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar í nýju starfi.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru sendar út til aðildarféлага með tveggja vikna fyrirvara, líkt og kveðið er á um í samþykktum, og hafa sömuleiðis legið frammi á skrifstofu sjóðsins. Framkvæmdastjóri kynnti breytingarnar.

Um er að ræða breytingar á eftirfarandi greinum:

2.3

Er:

Sjóðurinn skiptist í fjárhagslega aðskildar deildir, samtryggingadeild og séreignadeild. Þeir sem einvörðungu greiða til séreignadeildar teljast rétthafar. Ákvæði 19. greinar samþykktu þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd rétthafa í séreignadeild sjóðsins.

Verður:

Grein falli niður. Séreignadeild hefur verið lögð niður og kafli í samþykktum felldur út.

9.7

Er:

Tvisvar á ári, 1. mars og 1. september, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv.

framanskráðu, skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Verður:

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

13.5

Er:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Verður:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

13.6

Er:

Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.6. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:

- a. Framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
- b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
- c. hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Verður:

Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.7. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:

- a. Framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
- b. Aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
- c. Hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Bar síðan upp tillögurnar í heild sinni til samþykktar eða synjunar. Fundurinn samþykkti að gera það með þeim hætti.

Tillögurnar voru þá bornar upp og samþykktar samhljóða.



7. Laun stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar um að laun stjórnarmanna fyrir árið 2013 verði svo:

Almenn stjórnarlaun verði kr. 60.000,- á mánuði.

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 75.000,- á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 90.000,- á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 30.000,- fyrir hvern setinn fund.

Laun stjórnarmanna taka breytingu miðað við vísitölu neysluverðs, frá 1. janúar 2013.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kjör endurskoðanda,

Í samræmi við tillögu Endurskoðunarnefndar sjóðsins, leggur framkvæmdastjóri, fyrir hönd stjórnar sjóðsins, fram tillögu þess efnis að Gunnar Erlingsson löggiltur endurskoðandi hjá DFK Endurskoðun ehf. verði endurskoðandi sjóðsins vegna ársins 2013.

Spurt var hvort þetta hefði verið boðið út, þröstur svaraði því til að það hefði verið gert fyrir nokkru síðan og munað töluverðu á uppsettu verði. Þá benti þröstur jafnframt á það að með tilkomu Arion banka og fjárhagsbókhalds lífeyrissjóða yrði gerð ársreiknings mun einfaldari þar sem fjárhagsbókhald bankans stillir reikningnum upp og endurskoðandi þarf í raun eingöngu að endurskoða reikninginn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Marínó fór yfir það sem af er ári og samanburð sjóðsins við aðra sjóði. En það er hins vegar erfitt að bera sjóðina saman vegna þess hversu reikningsskil þeirra eru ólík. Sem dæmi myndi ávöxtun Lífeyrissjóðs Rangæinga hækka um 2% ef eign í Framtakssjóði Íslands væri færð upp og metin á áætluðu matsvirði. Þá fengu margir sjóðir líka hækkun vegna uppgjörs afleiðusamninga en þar var líttill munur hjá sjóði Rangæinga. Að teknu tilliti til þessara tveggja breytna má segja að ávöxtun sjóðsins á árinu 2012 sé mjög vel viðunandi.

Ármann Ægir Magnússon spurði um eignarhlut sjóðsins í Verkalýðshúsinu að Suðurlandsvegi og hvernig vinna við að selja hann gangi? Þröstur svaraði því til að eignin sem slík væri á söluskrá, en engin viðbrögð hafa verið. Verkalýðshúsið ehf. var með rekstur á sinni könnu allt þar til nú í vor og því hefur undirbúningur slita á því félagi frestast. Þeim rekstri líkur nú í vor og við það verður væntanlega svigrúm til að skoða þetta betur.

Að lokum þakkaði Þorgils Torfi Jónsson, fráfaramandi formaður stjórnar, framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum og starfsmönnum Arion banka frábært samstarf. Fráfaramandi stjórnarmönnum þakkaði hann sérstaklega fyrri samstarfið á liðnum árum. Kom Þorgils Torfi inn á það að þegar hann kom inn sem stjórnarmaður var hjá sjóðnum stjórn sem steig ávallt varlega til jarðar þegar kom að fjárfestingum og hefur sú hefð viðhaldist og reynst vel í þeim hræringum sem verið hafa. Þá þakkaði Þorgils Torfi framkvæmdastjóra fyrir það hve einhuga hann hefði verið í því að sinna sjóðnum vel og fór yfir það hve gæfurík sú ákvörðun hefði verið að koma eignastýringu og rekstri lífeyrissjóðsins í hendur Arion banka um síðustu áramót og að hann kveddi nú mjög sáttur. Stjórn þakkaði Þorgils Torfa og öðrum fráfaramandi stjórnarmönnum einstaklega gott samstarf.


Fleira var ekki rætt.

Fundarritara og framkvæmdastjóra falið að ganga frá fundargerð ársfundarins og senda fulltrúum.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21.32

Fundarritari:

Snædís Ögn Flosadóttir

¹

Snædís Ögn Flosadóttir